



Fundargerð samgöngunefndar SSA (SASSA)

Fundur nr. **4** starfsárið 2011 - 2012

Fjórði fundur samgöngunefndar SSA var haldinn fimmtudaginn 31. maí 2012, kl. 13:00 í fundarsal íþróttamiðstöðvarinnar á Seyðisfirði. Mættir: Jakob Sigurðsson, Andrés Skúlason, Páll Björgvin Guðmundsson, Gunnar Jónsson, Jóhann F. Þórhallsson, Guðrún Katrín Árnadóttir og Þorsteinn Steinsson. Auk þess sat fundinn Þorkell Pálsson framkvæmdarstjóri og Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Sigurður Gunnarsson kynnir hugmyndir að svokallaðri „Vatnajökulsleið“.
2. Jarðgangaframkvæmdir.
3. Útboð verka í vegagerð.
4. Önnur mál.

Formaður SASSA, Þorsteinn Steinsson, setti fundinn og gengið var til dagskrár.

- 1. Sigurður Gunnarsson kynnir hugmyndir að svokallaðri „Vatnajökulsleið“**
Sigurður Gunnarsson fór yfir vinnu sem farið hefur fram um möguleika á lagningu þjóðveggar í einkaframkvæmd frá Kárahnjúkavegi inn á þjóðvegakerfið vestan Vatnajökuls, sem tengdi saman Austurland og Suðurland.
Nefndarmenn ræddu um erindi Sigurðar Gunnarssonar og mikilvægi þess að taka málið til frekari umræðu innan nefndarinnar.
- 2. Jarðgangaframkvæmdir**
Eftirfarandi samþykkt var gerð: Samgöngunefnd SSA ítrekar fyrri ályktanir sínar um flýtingu Norðfjarðaganga. Samgöngunefnd SSA telur brýnt að framkvæmdir við jarðgöngin hefjist sem allra fyrst.
- 3. Útboð verka í vegagerð**
Samgöngunefnd SSA ítrekar óskir sínar um að flýta framkvæmdum til samræmis við óskir nefndarinnar sem fram komu í nýlegri umsögn hennar. Þá leggur nefndin áherslu á að aukið fé fái til viðhalds vega, þar sem fé til viðhalds vega hafi dregist mikið saman á undanförunum árum.
- 4. Önnur mál**
 - a) Páll Björgvin ræddi hvernig efla mætti Egilsstarflugvöll. Ákveðið var að taka málefni flugvallarins og málefni hafna inn á næsta fund nefndarinnar.

Páll Björgvin vék af fundi kl. 14:50.
 - b) Formaður lagði fram afrit af bréfi til Innanríkisráðherra um mikilvægi þess að Vegagerð ríkisins styrki áfram áætluarflug til Vopnafjarðar og Þórshafnar. Nefndin samþykkti samhljóða að taka undir efni bréfsins.



c) Samgöngunefnd samþykki að óska eftir því við framkvæmdarstjóra Austurbrúar að hann leiti upplýsinga um hvernig fyrirhugað sé að skipta auknu fé til samgangna sem Ríkisstjórnin hefur kynnt.

e) Hjalti Þór Bergsson frá ferðaþjónustu Austurlands sem er með sérleyfið Egilsstaðir – Seyðisfjörður kom á fundinn og lýsti áhyggjum sínum af fyrirhugðu útboði á almenningsamgöngum á Austurlandi. Í framhaldi af umræðum um almenningsamgöngur samþykkti samgöngunefnd að óska eftir kynningu á verkefninu á næsta fundi nefndarinnar.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 16:00.

Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.